



innanhúss

a r k i t e k t ú r

í f i m m t í u á r

SPRON Skólavörðustíg. 2005

Byggingin er sérstök í gótu mynd miðbæjarins og ber sterk einkenni sjötta áratugarins. Ytra byrði hússins er að mestu leyti gler en silur burður í húsinu á sötum sem setja mark sitt á innra rýmið. Skípuleggja átti létt, hjúlegt og nútímalegt bankaútbú með þjónustufulltrúa í framlínu. Vinnuvæði voru hönnuð með sveigjanleika, gegnsæi og breytileika að leiðarljósi. Leitast var við að opna húsið út á götuna til móts við viðskiptavinina. Sérstakt markmið var að varðveita og kalla fram stíl hússins í hörsuninni. Gluggar hafa fengið upprunalegt tekk úllit og önar veruð klæddir með tekkistum í anda tímabilsins. Allir veggir eru hvítir en mikil litagleði í húsgögnum. Tilgangurinn er hvíþættur: að undirstrika stíl hússins með litum en einnig gefur staðsetning útbúsins við Skólavörðustíg tilefni til litagleði og djórfungar. Esjan og fjallahringurinn eins og hann sést frá Skólavörðustígnum er sýndur með filmu á glerveggjum sem notaðir eru til að skipta upp rýminu.



litagleði



banki



Gunnar Magnússon FHI sá um árabíl um hönnun fyrir Íslandsbanka (áður íðnaðarbanka). Hann þróaði heilsteyppt kerfi húsgagna fyrir banka og skrifstofur sem hann notaði í útibúum bankans. Húsgögn Gunnars voru framleidd af KS og stóar GKS undir nafninu Vista. Húsgögnin náðu mikilli útbreiðslu og má finna víða, meðal annars í móttöku Íslandsbanka á Kirkjusandi í sjá myndi, í Íslandsbanka í Hafnarfirði og Tryggingamiðstöðinni Aðalstræti.

SPRON

Hönnun: Innanhússarkitektaraíttá. Dóra Hansen FHI og Heiða Elin Jóhannsdóttir FHI

Útibú SPRON eru opin með léttu yfirbragði, hlýleg en jafnframt nútímaleg fjármálatrygging. Viðskiptavinurinn á að finna að hann er velkominn og innréttingar miða að því að fella múra á milli viðskiptavinar og starfsmanna. Þjónustufulltrúar eru úti á gólfu en ekki lokaðir af. Ljósar innréttingar, lakkaðar og úr beyki, undirstrika léttleika og óformlegheit.

Ekkert útbúanna er nákvæmlega eins í útliti. Lögð er áhersla á að hvert útibú hafi sína sérstöðu og er hannað með hlöðsjón af rýminu hverju sinni. Húsgögnin eru hönnuð af innanhússarkitektunum sérstaklega fyrir SPRON og útgangspunkturinn í hönnuninni er léttleiki, sveigjanleiki og vinnuvistfræði (ergonómía). Borð þjónustufulltrúa eru rafknúin og hæðarstillanleg svo hægt sé að velja um að standa eða sitja við vinnuna til að minnka álagseinkenni.

Esjan hefur verið eitt af táknum SPRON og er fjallið notað sem myndverk eða á annan hátt í öllum útibúum. Lýsingin er vandasöm þar sem taka þarf tillit til tölvuvinnu (eins og á venjulegri skrifstofu), skapa þarf sölu lýsingu og ná fram stemningu eða karakter í rýmið. Þetta er leyst með því að hafa fáa hægðaða lampa yfir tölvuvinnustöðvum og dreifa kösturum og stemningslýsingu á valda staði.

léttleiki og sveigjanleiki



SPRON Smáralind, 2001

Litill bankaágreiðsla inni í stórmarkaði, um það bil 35 fermetrar. Húsnæðið þurfti að skipuleggja og innrétta fyrir fjórar starfsstöðvar, gjaldkeru og þjónustufulltrúa. Ákveðið var að hafa útibúð einfalt, nýta framrymið fyrir starfsmenn en setja tæki í bakrymi til að hið litla svæði virkaði ekki órólegt. Hljóleik kemur með rauðu gólfu og víðarvegg. Lýsing tekur mið af lýsingu fyrir utan sem er mjög mikil. Gera varð ráðstafanir svo útibúð næði að skera sig út, meðal annars með upplýttum bakvegg.



SPRON Ármála, 2004

Breyta þurfti heildarskipulagi og hönnun þannig að útkoman yrði björt og nútímaleg fjármálastofnun. Hústið var til lofta en þungt og dökkt efnisval til staðar. Meiri birtu var hlæpt inn og þar með sýn frá götu. Yfirbragð útbúsins var aðlagð mynd fyrirtækisins en dökku parketi haldið. Öll húsgögn eru úr beyki og því var ákveðið að nota gler og hvítan lit til að samræma þessar tvær ólíku víðarvegundir, gera yfirbragð rýmisins léttara og þegnærra. Esjan er sýnd með filmu á glervegg.



Margir innhússarkitektar starfa við ráðgjöf af ýmsum toga. Til dæmis kjósa fjölmargir eldhúsinnréttingaframleiðendur að bjóða viðskiptavinum sínum upp á þjónustu fagmanna. Á myndinni má sjá Ástu Karen Rafnsdóttur innhússarkitekt FHI sem er ráðgjafi í verslun Brúnás Innréttinga í Ármúla. Brúnás nýtir sér þjónustu innhússarkitekta á fleiri sviðum: Guðrún Margrét Ólafsdóttir og Oddgeir Þórðarsson hjá Go form hafa séð um að þróa og hanna innréttingalínu fyrirtækisins frá 1989.



Eldhús frá 2004 eftir Þóru Bimu Björnsdóttur FHI – Innhússarkitektareita
Opnað var milli borðstofu og eldhúss til að auka birtuáæði og morgunverðarborð er nú dýrast innréttingu. Rýmið er langt og mjótt og tekur skipulag og efnisval eldhúsins mið af því. Með hvítum langhlöðum og eik til endanna annarsvegar, lárrittum spóni hinsvegar, er reynt að láta rýmið virðast styttra og breiðara. Einnig er reynt að ná aukinni sjónvænni breidd með því að hafa glærni gler í eiri skápum. Innréttingin er höldulaus þar sem hún er spreutlökkuð en á eikarhlutanum eru sömu höldur og á öðrum innréttingu í húsinu. Borðplötur eru úr náttúrusteini og eik. Glerfisar eru á veggjum. Lýsing var unnin í samstarfi við Lúmax.



Íslendingar hafa löngum lagt mikið upp úr eldhúsinnréttingum. Á einn eða annan hátt er hönnun eldhúsa stór þáttur í störfum innhússarkitekta. Sérteiknuð eldhús eru algeng hjér á landi og oft þungamiðjan í hönnun heimila. Innhússarkitektar koma einnig oft að vörupróun og hönnun hjá eldhúsinnréttingaframleiðendum. Sem dæmi má nefna að Finnur P. Fróðason átti lengi slíkt samstarf við fyrirtækið Eldhús og bað, og Sturla Már Jónsson hannaði um tíma innréttingalínu Axis. Guðbjörg Magnúsdóttir er höfundur Kvartett eldhúsanna hjá Trésmiðjunni Borg og Guðrún Margrét og Oddgeir hjá go form eigna heiðurinn að þróun Brúnás-innréttinga. Þá hafa margir innhússarkitektar afvinna af ráðgjöf í innréttingaverslunum.



Eldhúsinnrétting í blokkaríbúð. Innréttingin er úr teki og hönnuð af go form árið 2003.